

Kennsluáætlun í íslensku

2024/2025

2. bekkur

Waldorfskólinn Sólstafir

Bekkjarkennari: Magnea Guðrún Gunnarsdóttir

Kennsla í íslensku fer fram í 2 lotum á haustönn og 3 lotum á vorönn.

Að auki er fastur íslensku tími einu sinni í viku allt árið.

Markmið:

Að nemendur

- þekki íslensku stafina, bæði hástafi og lágstafi og hljóð þeirra
- geti dregið rétt til stafs og haldið rétt á skriffærum
- geti hlustað með athygli á frásagnir, rifjað upp og greint frá upplifun sinni
- tengi saman ævintýri, hluti og fyrirbæri í huga sér við einstaka stafi
- æfa sig í að teikna upp stafina og myndheim sagnanna
- æfi sig í að skrifa einfaldar setningar eftir forskrift kennara
- tileinki sér metnað fyrir því að að búa til vandaða vinnubók
- auki við orðaforða sinn og skilning
- læri söngva og vísur

Viðfangsefni:

Þjóðsögur, ævintýri og sögur um bókstafina.

Vísnaðætur og spil.

Verkefni og aðferðir kennslustundar:

Stafainnlögn kennara.

Sögur og ævintýri eru lesin fyrir nemendur.

Innihald þeirra rætt, hliðstæður, merking og boðskapur.

Gaumur gefin að fágætum orðum ef þau eru til staðar í frásögninni.

Hver nemandi fær krítartöflu til að æfa sig á.

Einnig vinnum við fjölbreytt verkefni tengd stöfunum í gegnum leik og skapandi vinnu, m.a. með leir, sandi, steinum og laufum.

Námsmat:

Hlustun og þátttaka í tímum.

Vinnubrögð og frágangur.

Hugmyndaauði og hjálpsæmi.

Orðaforði og skilningur á íslensku máli.

Samskipti og samvinna við samnemendur, kennara og skólaliða.

Hæfniviðmið fyrir íslensku:

<https://waldorf.is/wp-content/uploads/2020/10/haefnividmid-i%CC%81-i%CC%81slensku-1-10.b.pdf>